



Skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 - Breyting við Melanes

Dags. 26. apríl 2019

1. Inngangur

Hafin er undirbúningur við gerð deiliskipulags Melanes við Rauðasand en um er að ræða breytta landnotkun, frá landbúnaðarlandi yfir í verslun og þjónustu. Deiliskipulagstillaga þessi kallar á breytingu á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 og fjallar skipulagslýsing þessi um fyrirhugaða breytingu.

2. Staðhættir

Jörðin Melanes er í einkaeigu og er skilgreind sem landbúnaðarsvæði í Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018. Innan jarðarinnar er einnig tjaldsvæði merkt Ú4 í aðalskipulaginu samkvæmt breytingu dags. 10.06.2010. Melanes stendur við Melanesrif og er syðsti bærinn í byggð við Rauðasand. Bæjarvaðall og hluti Melanesrifsins er á náttúruminjaskrá og jörðin sjálf er undir hverfisvernd eins og allt land vestan þjóðvegjar um Kleifaheiði að Látrabjargi.

3. Helstu forsendur

Ástæða breytingarinnar er sú að gert er ráð fyrir uppbyggingu fyrir ferðaþjónustu á fjórum lóðum vestan við bæjarstæðið þar sem reisa á gistihús og smáhýsi fyrir ferðamenn ásamt þjónustuhúsi.

4. Tengsl við aðrar áætlanir og viðfangsefni breytingar

Unnið er deiliskipulag samhliða aðalskipulagsbreytingunni og verður það auglýst samtímis.

Breytingin er í samræmi við markmið um:

1.2 gr. Markmið aðalskipulags

Markmið

Að styrkja stoðir og auka vægi ferðaþjónustu á svæðinu sem byggir á sérstöðu svæðisins og fjölga gístimöguleikum.

1.2.2 Meginmarkmið

Fjölgun íbúa og atvinnutækifæra í sýslunni.

Atvinnumálastefna sveitarfélaganna samþykkt og hrint í framkvæmd.

Innan atvinnumálastefnunnar eru 5 málaflokkar skilgreindir og markmið og leiðir sett fram til að ná tilætluðum árangri og þar kemur m.a. fram:

Ferðapjónusta

Uppbygging í ferðapjónustu skal byggjast á sérstöðu svæðisins þar sem haldið er á lofti náttúruperlum, menningu þess og sögu. Skipulagning og samstarf þarf að aukast jafnt innan sýslunnar sem út á við. Nauðsynlegt er að koma hér upp fyrsta flokks gistingu sem myndi stórauka ferðamannastraum og opna ný tækifæri í markaðssókn fyrir svæðið í heild sinni. Ferðapjónusta í V-Barðastrandarsýslu á mikla framtíð fyrir sér ef tekst að tryggja þolinmótt fjármagn til uppbyggingar á góðri aðstöðu til móttöku ferðamanna.

Landbúnaður


Efling landbúnaðar er hluti af uppbyggingu atvinnulífs og styrkingu byggðar í sýslunni. Nýjar búgreinar s.s. skógrækt og ferðapjónusta bænda eru til þess fallnar að auka fjölbreytni í landbúnaði og styrkja þær búgreinar sem fyrir eru. Öflugur búskapur í sveitum er styrk stoð þéttbýlisins og tryggir blómlega ásýnd svæðisins í heild, íbúum og gestum til ánægju og yndisauka.

Breytingin er í samræmi við stefnu aðalskipulags í kafla 2.3.12 um um landbúnaðarsvæði:

Markmið

b. Gert er ráð fyrir að landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum, með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta slíkum svæðum til rekstrar.

Gera þarf ráð fyrir nýjum landnotkunarflokki vegna uppbyggingar ferðapjónustu á Melanesi.



Mynd 1. Hluti af Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 sem sýnir nýtt svæði fyrir verslun og þjónustu við Melanes.

5. Umhverfismat

Skipulagsbreytingin er ekki háð lögum um mat á umhverfisáhrifum áætlaða en skýrt verður frá umhverfisáhrifum í samræmi við 12. gr. skipulagslaga.

6. Ferli verkefnis

Eftirfarandi eru drög að tímaferli og er það birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

1. Lýsing aðalskipulagsbreytingar afgreidd af skipulagsnefnd og samþykkt í sveitarstjórn. Áætlaður tími: apríl 2019.
2. Lýsing er send til umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila apríl/maí 2019.
3. Lýsing er kynnt almenningi og hagsmunaaðilum. Áætlaður tími: apríl/maí 2019.
4. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi. Áætlaður tími: ágúst 2019.
5. Tillaga kynnt skipulags- og umhverfisráði og bæjarstjórn. Áætlaður tími ágúst/sept. 2019.
6. Lögformlegt auglýsingaferli og umfjöllun. Áætlaður tími sept/okt. 2019.
7. Staðfesting aðalskipulags október 2019.

Hugmyndir og tillögur verða kynntar yfirvöldum og hagsmunaaðilum með auglýsingu og

kynningu í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Helstu umsagnaraðilar eru

- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða.
- Minjavörður Vestfjarða.
- Umhverfisstofnun.

Eftir samþykkt sveitarstjórnar á fullunninni tillögu er hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda til staðfestingar í samræmi við lög.